

## **Fundur í landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar mánudaginn 5. maí 2014 og hófst kl 16:30.**

**Mætt eru:** Ævar Rafn Marinósson, Hafliði Jónsson, Sigríður Gamalíelsdóttir, Indriði Þóroddsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundargerð. Svo var ekki.

### **1. Refa- og minkaveiðar**

Lagðar fram kostnaðartölur fyrir refa- og minkaveiðar fyrir árin 2009-2013. Fyrirkomulag refaveiða rædd. Ákveðið að gera kostnaðaráætlun sem tekur mið af kostnaði við refaveiðar síðustu 3 árin með einhverri hækkun. Samþykkt samhljóða.

### **2. Hreindýraveiðar**

Formaður reyndi ítrekað að hafa samband við Umhverfisstofnun á Egilsstöðum til að fara yfir þessi mál og óska eftir fundi en það náðist ekki.

### **3. Réttir í Langanesbyggð.**

Landbúnaðarnefnd ræddi réttarmál og forgangsröðun í þeim efnum. Landbúnaðarnefnd telur mikilvægast að byrja á að endurnýja Miðfjarðarnesrétt. Hafliði lagði fram tillögu að teikningu á rétt í Miðfjarðarnesi og tilboð í efni þá rétt. Þetta voru tvær útfærslur og efniskostnaður var á bilinu 700 þús til 1 milljón. Staðsetningin er hugsuð norðan við fjárhúsin. Landbúnaðarnefnd óskar eftir fjárveitingu til að smíða rétt í Miðfjarðarnesi allt að 1 milljón kr. Miðað er við að sveitarfélagið leggi til efni í réttina en bændur leggi til vinnuna. Samþykkt samhljóða. Landbúnaðarnefnd telur þá einnig mikilvægt að sveitarfélagið marki sér stefnu í viðhaldi á réttum og gangnakofum til næstu 5 ára og áætli í það allt að 500 þúsund krónur á ári. Samþykkt samhljóða.

### **4. Fjallskil**

Fjallskil fyrir árið 2014 rædd. Ákveðið að leggja fram drög að fjallskilum á næsta fundi landbúnaðarnefndar. Fyrirhugað er að halda næsta fund fyrri hlutann í júní.

Fleira ekki gert  
Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:13